


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Trésmíði 2 TRÉS2PH10 Námsáætlun vorönn 2017	

Kennarar	Bragi S. Óskarsson, Kristján Davíðsson, Þorleifur Jóhannsson	Sk.st.	BSÓ, KRÐ, ÞOR
-----------------	---	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er haldið áfram að fjalla um grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í smíði úr plötuefni og harðviði. Nemandinn fær við mismunandi samsetningar, límingar, þússningu, litun og yfirborðsmeðferð. Nemandinn lærir um lakk- og bæstegundir, að vinna með viðarspón og kantlímingar og ýmsar leiðir til samsetninga á hornum. Nemandinn lærir um plasthúðaðar plötur og lagningu harðplasts, ásamt eiginleikum, flokkun og þurrkun viðar. Nemandinn fær fræðslu um öryggismál á trésmíðaverkstæðum og þær hættur sem leynst geta á vinnusvæðinu. Nemandinn lærir hvernig ganga skuli um tæki og vélar og að nota nauðsynlegar persónu- og öryggishlífar. Áhersla er lögð á að vinna í áfanganum verði sem líkust vinnu á trésmíðaverkstæði. Áfanginn er bæði ætlaður húsa- og húsgagnasmíðum.


Markmið:

Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- vinnuumhverfi trésmíða
- öryggismálum á trésmíðaverkstæðum
- algengum tegundum smíðaviðar
- algengustu plötutegundum
- spónvinnslu og plastlagningu
- algengustu trésmíðavélum
- algengustu rafmagnshandverkfærum
- helstu trésmíðasamsetningum
- helstu samsetningaraðferðum á plötum
- yfirborðsmeðferð á smíðaviði

Nemandi öðlist leikni í að:

- nota mismunandi smíðavið og efni
- beita algengum handverkfærum og trésmíðavélum
- nota áhöld til mælinga og uppmerkinga
- brýna sporjárn og hefiltennur
- beita lakkspautu til yfirborðsmeðferðar
- nota persónuhlífar við verkstæðisvinnu
- nota öryggishlífar á trésmíðavélum
- beita spónskurðarverkfærum
- framkvæma mismunandi spónsamsetningar
- spón- og plastleggja plötuefni
- smíða eftir teikningum og verklýsingum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Trésmíði 2 TRÉS2PH10 Námsáætlun vorönn 2017	

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- smíða eftir teikningum og verklýsingum
- leysa af hendi fjölbreytt smíðaverkefni
- vinna með helstu tæki og vélar sem notuð eru við störf á trésmíðaverkstæði
- forðast þær hættur sem leynt geta á trésmíðaverkstæði
- nota persónuhlífar í samræmi við aðstæður
- stilla öryggishlífar á trésmíðavélum á réttan hátt starfa á trésmíðaverkstæði

Námsgögn: Teikningar og verklýsingar frá kennara.

Áætlun um yfirferð:

Vika 2-8 Náttborð

Vika 8-12 Veggskápur

Vika 12-18 Sófaborð


ATH Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun án fyrirvara.

Námsmat og vægi námsþátta:

Horft er sérstaklega til nákvæmni og vandvirkni við mat á verkefnum annarinnar. Einnig verður horft til ástundunar nemenda við þau verkefni sem lögð verða fyrir.


Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Náttborð	Smíðað verður spónlagt náttborð sem er sameiginlegt verkefni (20%), en platan er einstaklingsverkefni (10%).	30%	
Veggskápur	Skápur með hurð og læstri skúffu. Unnið með plastlagðar spónaplötur og harðplast. Verkefnið er einstaklingsverkefni.	15%	
Sófaborð	Spónlagt sófaborð sem dilað verður saman í CNC yfirfræsara.	25%	
Lokapróf	Verklegt próf sem tekur á þeim námsþáttum sem kenndir hafa verið á önninni.	30%	
Samtals:		100%	

Dagsetning: 2-7.


Undirritun kennara


Undirritun kennara


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils